

**Sp.**

## **106. Tillaga til þingsályktunar**

[102. mál]

um skipan framleiðslustjórnar, verðlagningar og sölumála í landbúnaði.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson,  
Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til þess að undirbúa og semja frumvarp um skipan framleiðslustjórnar, verðlagningar og sölumála í landbúnaði svo og annars þess sem lög nr. 95/1981, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., taka til. Markmið laganna verði að auka frjálsræði í viðskiptum, tryggja viðskiptalegt aðhald að vinnsluaðilum og að sem stærstur hluti hins endanlega söluverðs afurðanna skili sér til bændu.

Nefndin skili Alþingi álit sínu fyrir 1. apríl 1985.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### **Greinargerð.**

Það stjórnkerfi, sem nú er við lýði í landbúnaðarmálum, er augljóslega orðið úrelt með öllu og stendur í vegi fyrir framförum og endurbótum. Þess vegna er nauðsynlegt að finna nýja skipan sem taki við af núverandi aðstæðum og stuðli að hagkvæmni.

Það er einkenni núverandi kerfis að verð til neytenda á landbúnaðarvörum er hátt en verð til bændu er lágt. Milliliðir, svo sem vinnsluáðilar, hafa hins vegar allt sitt á þurru og vel það. Af þessum sökum hefur vinnslu- og stjórnkerfi landbúnaðarins sætt vaxandi gagnrýni að undanfögnu.

Athugun Hagvangs fyrir síðustu ríkisstjórn leiddi í ljós að kostnaði við framleiðslu einstakra mjólkurafurða væri ekki haldið til hagna í bókhaldi mjólkurbúa. Verðmyndun á kakómjólk og mangósopa hefur ekki fengist upplýst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Í greinargerð Þorvalds Búasonar um slátrunarkostnað eru leidd rök að miklum duldu hagnaði slátruhúsa. Léleg nýting fjárfestingar í vinnslustöðvum landbúnaðarins hefur ítrekað komið til umræðu. Á sama tíma hafa risið og eru að rísa dýrar stórbyggingar fyrir vinnslustöðvar landbúnaðarafurða án sýnilegs fjárskorts til framkvæmdanna þrátt fyrir samdrátt og þrengingar á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Öllum atvinnurekstri er hollt að njóta viðskiptalegs aðhalds og færa má rök að því að slíkt skorti einmitt að því er vinnslustöðvar landbúnaðarins varðar og sé skýringanna á því, sem að ofan er rakið, ekki síst þar að leita.

Gildandi stjórn- og verðmyndunarkerfi landbúnaðarins er orðið gamalt að stofni til. Það gegndi sjálfsagt mikilvægu hlutverki við þær aðstæður sem upphaflega ríktu en á hinn bóginn er nauðsynlegt að það svari á hverjum tíma til ríkjandi aðstæðna. Af þeim sökum og með tilvísun til galla, sem komið hafa fram, er rétt að finna nýja skipan þessara mála. Því er þessi tillaga flutt enda telja flutningsmenn að Alþingi eigi að hafa frumkvæði um málið.

Markmiðið á að vera að auka hagkvæmni í vinnslunni og stuðla þannig að því að sem stærstur hluti endanlegs afurðaverðs skili sér til bændu og neytendum verði ekki gert að greiða óeðlilega hátt verð. Í þessu skyni er sérstaklega bent á að auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja viðskiptalegt aðhald.